

Föstudaginn 26. maí 1939.

Nr. 14/1938. Guðrún Guðbjörnsdóttir
gegn

Hallgrími Péturssyni.

Framhaldsrannsókn úrskurðuð í barnsfaðernismáli.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður dómur verður lagður á mál þetta í hæstarétti ber héraðsdómaranum að hlutast til um öflun gagna þeirra, er nú verða talin:

1. Við réttarrannsókn, sem fram fór áður héraðsdómur gengi í málinu, kvaðst áfrýjandi ekki muña, í hvaða mánuði samfarir hennar og stefnda áttu sér stað, og ekki geta gert sér grein fyrir, hvort það var að sumar- eða vetrarlagi. Þáverandi sýslumaður í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, sem dæmdi í málinu, taldi hana svo andlega miður sín, að vafasamt væri um eiðhæfi hennar. Eftir uppsögu héraðsdómsins framkvæmdi núverandi sýslumaður í nefndri sýslu réttarrannsókn í málinu, og gaf áfrýjandi nú við þessa rannsókn mun greiðari svör en áður bæði um samfaratímamann og önnur atriði, er máli skipta. Húsmóðir og mágkona áfrýjanda, sem krafín var nú vitnis, lýsir henni þannig, að hún sé yfirleitt skilningslítill og frekar andlega sljó. Af ástæðum þeim, sem að framan eru sagðar, þykir bera að leggja fyrir héraðsdómarann að láta fara fram lækisrannsókn á sálarþroska og andlegri heilsu áfrýjanda. Héraðsdómaranum ber ennfremur að senda hingað til dómsins greinargerð sína um það, á hvaða stigi vitsmunþroska hann telur hana.

2. Héraðsdómaranum ber að gefa áfrýjanda kost á því að leggja sig og barn sitt undir blóðrannsókn,

og ef hún samþykkist það, þá að eiga hlut að því, að blóðrannsókn fari fram á áfrýjanda, Guðrúnu Guðbjörnsdóttur, stefnda, Hallgrími Péturssyni, og barninu, Viðar Breiðfjörð, sbr. 214. gr. laga nr. 85 frá 1936.

3. Héraðsdómarinn á að afla upplýsinga þeirra, er að framan greinir, svo fljótt sem verða má og annara þeirra skýrsla, sem framhaldsrannsóknin kann að veita efni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að eiga hlut að því, að aflað verði svo fljótt sem unnt er sakargagna þeirra, er að framan getur, og að fengnar verði aðrar þær skýrslur, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa ástæðu til að útvegaðar verði.

Miðvikudaginn 31. maí 1939.

Nr. 4/1939. **Ástþór Matthíasson og**
 Gísli Fr. Johnsen
 gegn
 Jóhannesi Sigfússyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ástþór Matthíasson og Gísli Fr. Johnsen, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.